



Skipulögð kennsla

TEACCH hugmyndafræði og nálgun

Helga Kristín Gestsdóttir, iðjupjálfi





*„Ef þau læra ekki eftir þeim leiðum sem við
kennum, þá kennum við eftir þeim leiðum
sem þau læra“*



Áherslur

- Skiptir námstíll máli? Hvaða námstíll gæti hentað fólki á einhverfurófi og hvers vegna?
- Hvernig tengist TEACCH[®] hugmyndafræðin námstíl?
 - Á hverju byggir hún?
 - Hvers vegna hentar hún fólki á einhverfurófi?
 - Að hverju þarf að huga til að árangur náist?
 - Skiptir máli að einstaklingsmiða nálgun og þá hvernig?
 - Hvernig nýtist hugmyndafræðin varðandi krefjandi hegðun?



Einhverfa og nám

(Reitzel & Szatmari, 2003)

- Nám er einstaklega flókið ferli og getur verið sérstaklega flókið fyrir fólk á einhverfurófi.
 - Kröfur um að taka inn marga ólíka hluti á sama tíma, raða þeim saman og mynda heild.
- Margt getur haft áhrif hvernig fólk á einhverfurófi lærir. T.d. í skóla: Viðmið í námskrá, umhverfi, námsgögn og væntingar kennara.
- Nemendur á einhverfurófi upplifa oft töluverða streitu í skólaumhverfi.




Einhverfa og námstíll

- **Hugarkenningin (Theory of mind)**
 - Hæfileikinn til að skilja að aðrir hugsi öðruvísi og spá fyrir um hegðun og viðbrögð út frá því.
- **Heildarsýn og samhengi (Central Coherence)**
 - Sjá og skilja heildarmynd. Hvað vantar svo allt gangi upp?
- **Framkvæmdafærni (Executive function)**
 - Skipulagning, forgangsröðun, minni, athygli, frumkvæði.
 - Samhæfingar- og stjórnstöð sem stýrir því hvað við þurfum að gera til að inna verk af hendi.

Sérkenni einhverfu

- Einhverfueinkenni geta haft áhrif á nám.
- Undirliggjandi þættir sem taka þarf tillit til.





TEACCH[®] hugmyndafræðin

- Dr. Eric Schopler frumkvöðull – vísar að hugmyndafræðinni komu fyrst fram um 1965.
- Byggir á gagnreyndum rannsóknum á ákveðnu aðferðum og klínískri reynslu.
- Heildstæð nálgun sem hefur að markmiði að auðvelda fólki á einhverfurófi að skilja umhverfi sitt.
- Áhersla er lögð á að reyna að skilja hvernig fólk á einhverfurófi hugsar og hegðar sér.
- Aðlaga umhverfið og aðstæður til að auka færni, þekkingu og þátttöku í samfélaginu.

Á hverju byggir TEACCH®?

- Gera umhverfið skiljanlegra með sjónrænum stuðningi.
- Fólk á einhverfurófi er oft sterkara sjónrænt en heyrnrænt.
- Skýrt til hvers er ætlast – umhverfið tali til einstaklingsins.
- Unnið markvisst með þætti sem styrkja **frumkvæði** og **sjálfstæði** einstaklingsins.
- Gagnsemi á öllum æviskeiðum og markmið er að færni nýtist til framtíðar.



THE UNIVERSITY OF NORTH CAROLINA
TEACCH
Autism Program
Services Across the Lifespan




T, S, L, O

O, G, S, Y, N

O, T, R, R, H, Z₁₀

Að hverju þarf að huga?


- Samvinna við foreldra.
- Markmið - einstaklingsnámskrá:
 - Horfa vítt á hvaða færni skiptir máli: t.d. boðskipti, félagsfærni, heimilisstörf.
 - Byggð á mati og einstaklingsmiðuð út frá þörfum, færni, styrkleikum og áhugasviðum hvers og eins.





Skipulögð kennsla – notkun í daglegu starfi

- Uppbygging skipulags:
 - Skipulagt umhverfi, dagskipulag, vinnukerfi, sjónrænt skipulögð verkefni.
- Alhæfing - fjölbreyttar aðstæður og athafnir.



Svarar skipulagið þessum spurningum?

Hvert á að fara?

Hvað á að gera?

Hve lengi?

Hvað gerist næst?




The TEACCH Approach




Snertifletir daglegs lífs

- Mikilvægt að hafa í huga alla snertifleti daglegs lífs óháð aldri og aðstæðum.
 - **Heimili** t.d. eigin umsjá, heimilisstörf, siðir og venjur innan fjölskyldu.
 - **Skóli/vinna** – Huga að öllum aðstæðum í skóla t.d. bekkjarstofu, matsal og frímínútum. Hvar þarf stuðning í vinnuumhverfi?
 - **Samfélag** t.d. tómstundaiðja og liðveisla.
 - **Annað** t.d. ferðalög, ýmis meðferðar- og þjónustuúrræði.

Mat á færni og þörfum – einstaklingsmiðuð kennsla





Hegðun

- Kastar sér í gólfið þegar á að skipta um aðstæður.
- Neitar að koma úr pásu eða uppáhalds athöfn.
- Hleypur í burtu þegar á að skipta um aðstæður.

Einhverfa

Íhlutunarleiðir út frá sjónarhorni einhverfu og TEACCH

Mögulegar ástæður fyrir hegðun:

- Forðun
- Vöntun á skilningi

- Skilur ekki hvað er næst
- Veit ekki hvenær hann fær að fara aftur í pásu eða uppáhalds verkefni

Dagskipulag: Nemandi hafi skipulag sem eykur skilning hans (á hans verstu dögum) á hvað sé næst og hvenær næsta pásu er eða vinna við uppáhalds verkefni

- Slakur skilningur á hvenær verkefni er búíð
- Erfitt að fara frá ókláruðu verkefni

Vinnukerfi eða rúttína í pásu eða uppáhalds verkefni sem getur skýrt til kynna hvenær er búíð

- Skynúrvinnsluerfiðleikar – truflandi áreiti eða of mikið magn áreita

Skipulag umhverfis – skoða nálægð milli vinnusvæðis og hvíldarsvæðis



- *Allir geta lært og náð árangri, en ekki á sama tíma og á sama hátt. Námsstíll skiptir máli!*
 - *Hvað er það hjá þessum einstaka einstaklingi sem hægt er að breyta og aðlaga til að taka tillit til einhverfunnar og stuðla að árangri?*

